



NÁMSVÍSIR

9. bekkur

Umsjónarkennarar:

Brynja Dís Stefánsdóttir

Gerður Sigurðardóttir

2025-2026

STAPASKÓLI
Dalsbraut 11, 260 Reykjanesbær

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Viðmiðunarstundaskrá	2
Stapamix og samþætting námsgreina	2
Læsi fyrir lífið	2
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir	3
Matsferill	3
Námsmat	3
Íslenska	4
Stærðfræði	7
Samfélagsgreinar	8
Náttúrugreinar	11
Lykilhæfni	12
Enska	14
Danska	15
Hönnun og smíði	17
Heimilisfræði	18
Sjónlistir	19
Textílmennt	20
Skólaíþróttir og sund	21
Upplýsinga- og tæknimennt	23

Almennar upplýsingar

Í Stapaskóla er unnið samkvæmt menntastefnu Reykjaneshæjar. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjaneshæ. Þau eru :



Viðmiðunarstundaskrá í 9. bekk

Íslenska	6 kennslustundir (40 mín.)
Stærðfræði	6
Enska	2,5
Danska	3
Samfélags- og náttúrugreinar auk UT	7,5
Íþróttir og sund	3
Val	8
Umsjón	1

Samtals: 37 tímar á viku

Stapamix og samþætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast oft saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa bæði að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er hugtak yfir samþættingu læsis sem fer fram í flestum námsgreinum. Í Stapaskóla vinnum við einnig þvert á árganga en þá tíma köllum við Stapamix. Í 9. bekk vinnum við Stapamix í samvinnu með 7., 8. og 10. bekk.

Læsi fyrir lífið

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem felur í sér að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf alla daga ársins. Í verkefninu verður lögð áhersla á læsi sem grunn að námi, læsi flæðir yfir allt nám í skólanum og inn í allar námsgreinar. Lögð verður sérstök áhersla á fjóra grunnþætti læsis:

- Lestur og lesskilning
- Lesfimi
- Ritun og miðlun
- Samræðu, tjáningu og hlustun

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst skýrslu UNESCO. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 9. bekkjar eru fjölskyldur – ágreiningur og misskilningur, umburðarlyndi og virðing, mismunur, kynferði, mannréttindi og kynferði, að skilja kyn, kynímyndir og hlutverk, samfélags kyn og kynjaviðhorf.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem gefur heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda á mismunandi stigum skólagöngunnar. Hlutverk Matferils er að nota hann til að fylgjast með námi hvers og eins nemanda til að tryggja að hann fái kennslu og stuðning við hæfi og að veita mikilvægar upplýsingar um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði hluti af Matsferli. Stöðu- og framvindupróf verða skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk en hægt er að leggja þau fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk.

Matsferill byggir á hringrás námsmats og kennslu. Niðurstöður eru notaðar til að greina styrkleika og áskoranir nemenda, móta kennsluáætlanir og veita viðeigandi íhlutun. Allar niðurstöður eru skráðar í Frigg gagnagrunninn og tengjast þar öðrum upplýsingum sem varða farsæld og velferð nemenda.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar. Fyrir neðan má sjá almenna skýringu á hverju matsviðmiði.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Í vinnslu:** nemandi hefur hafið verkefni en þarf lengri tíma til að ljúka við það en tímarammi gaf til kynna
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Í vinnslu
	Undanþága

Íslenska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 8. - 10. bekk í sex þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Bókmenntir, Ritun og Mál og málnotkun. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

LESFIMI lesað fjölbreytta texta af öryggi, í góðu flæði og í viðeigandi hendingum og með tjáningu í samræmi við aðstæður hverju sinni.	LESTRARMENNING valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta, unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt og miðlað til annarra.	LESTRARAÐFERÐIR valið og beitt fjölbreyttum lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.	LJÓÐ notað algeng bókmenntahugtök í umfjöllun um bundið mál og óbundið og lesið og túlkað fjölbreytt ljóð frá ýmsum tímum.
BÓKMENNTAARFURINN lesað og skilið texta frá fyrri tímum, áttað sig á því að þeir móttist af sögulegu samhengi og borið saman við eigin samtíð.	SKRIFT OG FRÁGANGUR haft vald á ólíkum leiðum til að miðla rituðu máli og getur valið þá leið sem hentar tilgangi og lesendum.	TJÁNING Í TEXTA samið fjölbreyttan texta til að tjá hugmyndir, skoðanir, reynslu og sköpunarkraft, metið og endurbætt með hliðsjón af gagnrýni og hjálpargögnum.	STAFSETNING OG GREINARMERKJASETNING beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmarkjasetningar og notað til þess reglur um réttitrun og önnur hjálpartæki.
FJÖLBREYTT MÁLNOTKUN áttað sig á fjölbreyttum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og beitt mismunandi málsmiði eftir efni og tilefni í ræðu og riti.	SKÖPUNARKRAFTUR áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við ritun, tal, nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.	ORÐFLOKKAR áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.	GÖGN OG HJÁLPARTÆKI nýtt fjölbreytt hjálpartæki til að afla sér upplýsinga um tungumálið og styðja við notkun þess.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.

ÁHORF horft og tekið eftir upplýsingum í myndefni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnninn hátt.	ORÐAFORÐI beitt ríkulegum orðaforða, fyrri þekkingu og reynslu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað fjölbreyttar aðferðir til að efla orðaforða sinn.	BÓKMENNTAGREINING beitt algengum hugtökum í bókmenntafræði við greiningu og umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir frá ýmsum tímum.	UPPBYGGING TEXTA skrifað texta þar sem efnisatriðum er skipað í röklegt samhengi, góður þráður er á milli efnisgreina og kaflaskipting er skýr.
ORÐTÖK OG MÁLSHÆTTIR beitt fleygum orðum, algengum orðtökum, málsháttum og föstum orðasamböndum í máli sínu			

Kennsluefni og gögn

Fjölbreytt lesefni við hæfi, s.s. bækur af bókasafni, dagblöð og fræðitextar. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Notað eru fjölbreytt námsspil og stuðst við ýmiss lesskilningsverkefni.

Dæmi um kennslubækur og námsgögn:

- Gullvör – Kennslubók í málfræði fyrir unglingastig eftir Ragnar Inga Aðalesteinsson.
- Laxdæla (Íslendingasaga, skólabókarútgáfa).
- Lestrarbókin Tár, bros og takkaskór.

- Léttlestrarbókin Strákaklefinn.
- Málið í mark og önnur smáforrit og verkefni á veraldarvefnum.
- Neistar (texta- og verkefnabók í íslensku).
- Skerpa 1 (málfræði).
- Smásagnasmáræði – smásagnasafn.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimiþróf, í september, janúar og maí. Einnig er lagt fyrir nemendur sem glíma við erfiðleika í lestri hliðarþróf, sjónrænn orðaforði og orðleysur.

Lesfimiþróf við lok 8. bekkjar:

- 211 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.
- 181-210 orð á mín. - góður árangur.
- 141-180 orð á mín. - nokkuð góður árangur
- 0 – 140 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Stærðfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 8. - 10. bekk í fimm þætti; Vinnulag stærðfræðinnar, Tölur og reikningur, Algebra, Tölfræði og líkindi og Rúmfræði og mælingar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

SANNANIR sett fram, túlkað og metið einföld stærðfræðileg rök og sannanir.	ÞRAUTALOUSNIR nýtt fjölbreyttar reikniaðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.	RANNSÓKNARVINNA unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangs-efni og líkön.	LÍKINDATILRAUNIR dregið ályktanir um líkur út frá framkvæmt tilraunir þar sem líkur og tilviljanir koma við sögu og túlkað niðurstöður sínar.
ÞRÍVÍÐ FORM mælt stærðir á þrívíðum formum, áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál og skilið tengsl við tvívíð form, samhverfu og snúningsmiðju.	JÖFNUR OG ÓJÖFNUR sett fram jöfnur og ójöfnur út frá gefnum forsendum og túlkað merkingu lausnar sinnar við raunverulegt samhengi.	FÖLL unnið með fallahugtakið á mismunandi formi og við mismunandi aðstæður, bæði á blaði og með stafrænum verkfærum.	LÍKINDAREIKNINGUR notað hugtök í líkindareikningi, eins og skilyrtar líkur, óháða atburði og notað einfaldar talningar til að reikna og túlka líkur á atburðum.
VERKFÆRI OG HLUTBUNDIN GÖGN valið og nýtt ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar, þ.m.t. tölvutækni og gervigreind.	SAMRÆÐUR OG TJÁNING tjáð sig og spurt spurninga um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrt og rökstutt lausnir sínar fyrir öðrum.	TÁKNMÁL OG HUGTÖK notað hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni.	ÞRÓUN AÐFERÐA þróað, útskýrt og rökstutt hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum,.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.

RÖÐUN TALNA OG TALNAMENGI útskýrt eiginleika í talnamengjum náttúrulegra talna, heilla talna, ræðra talna og rauntalna.	SÆTISKERFI notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun staðalforms tölu.	HLUTFÖLL skýrt sambandið milli almennt brota, tugabrota og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni.	RÆTUR OG VELDI reiknað með veldum og ferningsrótum í einföldum tilvikum.
	HNITAKERFI túlkað gróf beinna lína í hnitakerfi í rauntengdu samhengi, teiknað þau á blaði og stafrænt og notað teikningarnar til að leysa jöfnur.	TÍMI OG KLUKKAN beitt brotum úr tímæiningum og reiknað á milli tímabelta.	

Kennsluefni og gögn

Unnið er með stærðfræðiforrit í tölvum og spjaldtölvum. Nemendur nota ýmiss hjálpargögn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur, vasareiknir og einingakubba.. Kennarar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni.

Dæmi um kennslubækur:

- Almenn stærðfræði.
- Átta-tíu 3 og 4.
- Skali 1A, 1B, 2A og 2B.

Námsmat

Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og eru niðurstöður birtar á Mentor þegar þær liggja fyrir.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Samfélagsgreinar


Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í samfélagsgreinum fyrir 8. - 10. bekk í sex þætti; Vinnulag samfélagsgreina, Sjálfsmynd, Siðferði og trú, Borgaravitund, Saga og Jörðin okkar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið


Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

HUGTÖK útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.	UPPLÝSINGALÆSI aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkad og hagnýtt.	SKOÐANAMYNDUN vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.	GAGNRÝNAR UMRÆÐUR spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýnni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum.
SETJA SIG Í SPOR ANNARRA sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.	MIÐLUN miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.	LÝÐRÆÐISLEGT SAMSTARF tekið ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	FÉLAGSMÓTUN útskýrt hvernig sjálfsmynd mótask af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.

ÞARFIR gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.	VIRÐING FYRIR FJÖLBREYTILEIKA borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.	TRÚ OG LÍFSVIÐHORF fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.	TRÚARBRÖGÐ túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.
ÁHRIF TRÚARBRAGÐA útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.	TILFINNINGAR þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.	HUGARFAR rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.	SJÁLFSÞEKKING gert grein fyrir eigin gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
VIRÐING borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.	STAÐALMYNDIR fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.	KYNJAFRÆÐI beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.	FJÁRMÁL EINSTAKLINGS gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.
REGLUR útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.	MANNRÉTTINDI þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.	SAMFÉLAGSGERÐ greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.	SAMNEYSLA skilið að skatta- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðlegu samhengi.
SLYSAVARNIR bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni.	GETA TIL AÐGERÐA ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.	Umferðarreglur áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna örygis síns og annarra.	SÖGULEGAR HEIMILDIR gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
FJÖLSKYLDAN útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.	HEIMABYGGÐ sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðapróunar.	ÍSLANDSSAGA útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.	SAGA sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.
SÖGULEG ÞRÓUN útskýrt og metið hvernig sagan hefur móstast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.	ÁHRIF SÖGU Á SAMTÍMANN sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.	KORTALÆSI greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, grófum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum.	SAMFÉLÖG greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks.



Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.



Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki.

Dæmi um kennslubækur:

- Blessað stríðið.
- Ég, þú og við öll.
- Fáðu já.
- Grikkland hið forna.
- Sterkari út lífið.
- Stríðsárin á Íslandi.
- Styrjaldir og kreppa.
- Trúarbrögðin okkar.
- Um víða veröld heimsálfur.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.

- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Náttúrugreinar

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum fyrir 8. - 10. bekk í sex þætti; Vinnulag náttúruvísinda, Umhverfið, Lífið, Efnin, Orkan og Alheimurinn. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

HUGTÖK beitt hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður.	LÆSI Á GÖGN OG NÁTTÚRU-VÍSINDATEXTA lesið þyngrri náttúruvísindatexta sér til gagns og ánægju og endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi.	ATHUGANIR framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum.	MIÐLUN kynnt niðurstöður rannsókna, tekið þátt í gagnrýnum umræðum og metið gildi þess að vísindalegum upplýsingum sé miðlað á skýran hátt.
VÍSINDALEG VINNUBRÖGÐ sett fram vísindalega tilgátu og beitt margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna.	EDLI VÍSINDALEGRAR ÞEKKINGAR skýrt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi og sagt frá dæmum um vísindalega þekkingarsköpun.	TENGL VÍSINDA, TÆKNI OG MENNINGAR tekið þátt í umræðu um hvernig náttúruvísindi bæði móta og mótask af tækni, menningu og heimsmýnd mannsins.	NÁTTÚRUAUÐLINDIR OG SJÁLFBÆR NÝTING gert grein fyrir verndun og nýtingu náttúruauðlinda í tengslum við sjálfbæra þróun, sjálfbæra nýtingu og rýnt í eigin neysluvenjur.
EINSTAKLINGURINN OG UMHVERFIÐ rætt á gagnrýnninn hátt tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu.	GETA TIL AÐGERÐA skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi og í alþjóðlegu samhengi.	KYNHEILBRIGÐI rætt kynheilbrigði, kynvitund, ábyrga hegðun í kynlífi, mikilvægi þess að virða mörk, tilfinningar og tilgang getnaðarvarna.	HEILSA útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð, líkamlegu og andlegu heilbrigði með ábyrgri neyslu, hegðun og samskiptum.
RAFMAGN OG SEGULMAGN útskýrt stöðurafmagn og tengsl rafmagns og segulmagns.	RAFMAGN OG RAFRÁSIR útskýrt einfaldar rafrásir.	BYLGJUR útskýrt bylgjur rafsegulrófsins og hljóðs og lýst eiginleikum þeirra.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.

HRINGRÁSIR EFNA OG ORKU lýst hringrás efna og orku, náttúrulegum ferlum og flæði orku í náttúrunni.	VISTKERFI útskýrt þarfir lífvera og rætt á gagnrýnninn hátt um þróun ólíkra vistkerfa.	LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ útskýrt gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin.	NÁTTÚRUVERND fjallað um og tekið gagnrýna afstöðu til siðferðilegra þátta sem tengjast náttúruvernd.
---	--	---	--



Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni í tölvum og spjaldtölvum, ýmis árstíðabundin verkefni, grenndarkennslu og netið.

Dæmi um kennslubækur:

- Mannslíkaminn.
- Eðlisfræði 2 og 3.
- Efnisheimurinn.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Lykilhæfni

Lykilhæfni hefur verið skilgreind sem sú hæfni sem einstaklingar þurfa að hafa til að geta tekist á við stöðugar breytingar í lýðræðislegu samfélagi. Hæfniviðmiðin snúa því að nemandanum sjálfum og eru ætluð til þess að stuðla að alhliða þroska hans. Í greinarsviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk í fimm þætti; Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun, Sjálfstæði og samvinna, Nýting miðla og upplýsinga og Ábyrgð og mat á eigin námi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir sambættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

Tjáning tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt,	Miðlun valið úr fjölbreyttum leiðum til miðlunar.	Orðaforði tileinkað sér og nýtt fjölbreyttan orðaforða og viðeigandi hugtök sem tengjast ólíkum viðfangsefnum,	Tillitssem brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða,
Samskipti rætt á skýran hátt um málefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn,	Sköpun leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt,	Spyrjandi hugarfar spurt gagnrýnna spurninga og nýtt þær í rannsóknnum sínum	Lært af mistökum lært af mistökum og séð í þeim nýja möguleika til framfara,
Ályktun tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga, dregið ályktanir og túlkað þær	Gagnrýnin hugsun beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.	Rökræða rökrætt álitamál frá ólíkum sjónarhornum,	Sjálfstæði sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum,
Ábyrgð tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með lýðræðislegum hætti,	Samstarf geti sinnt hlutverki sínu í samstarfi og axlað ábyrgð,	Leiðsögn nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.	Samvinna unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi,
Upplýsingaöflun og miðlanotkun nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum,	Áreiðanleiki greint á milli áreiðanlegra og óáreiðanlegra miðla, áróðurs og upplýsinga,	Vandvirkni og nákvæmni valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.	Markmiðasetning sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvornig til hefur tekist,
Sjálfþekking sett sér fjölbreytt og skapandi markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar,	Ígrundun skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi,	Árangur og sjálfþekking skilið og rökstutt viðmið um árangur og unnið að þeim,	Náms- og starfsfræðsla nýtt upplýsingar um námsleiðir og fjölbreytt störf við skipulagningu eigin náms- og starfsferils.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki. Verkefni þessarar námsgreinar eru að mestu samþætt við aðrar greinar.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Enska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í erlendum tungumálum á 1.-3. stigi í sex þætti; Hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun og Menningarlæsi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 9. bekk.

FRÁSAGNIR OG KYNNINGAR skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.	FJÖL- OG MYNDMIÐLAR fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.	GREINING UPPLÝSINGA hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.	GREINING AÐALATRIÐA aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
RAUNTEXTAR lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.	BÓKMENNTIR lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta.	AÐRAR NÁMSGREINAR lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.	ORÐAFORÐI lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum
ÓFORMLEGT SAMTAL tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.	ALMENN SAMSKIPTI tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.	SAMRÆÐUR tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.	TJÁNING tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
FRÁSÖGN OG KYNNING flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.	FLUTNINGUR samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.	FRAMSÖGN beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.	SAMFELLDUR TEXTI skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
MÁLNOTKUN sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.	ENDURSÖGN skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	PERSÓNULEG REYNSLA skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.	SKAPANDI RITUN samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fá að njóta sín.

SAMFÉLAG sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.	FJÖLBREYTILEIKI gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.	SKYLDLEIKI OG AFBRIGÐI TUNGUMÁLA greint á milli helstu afbrigði tungumálsins.
--	--	---

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni, tónlist og fréttafni auk enskra námsleikja í appformi og gagnvirkar vefsíður.

Dæmi um kennslubækur:

- Say Cheese and Die eftir R.L. Stine.
- Spotlight 9 (les- og vinnubók).
- The Boy in the Striped Pyjamas eftir Mark Herman (les- og vinnubók).
- The life and diaries of Anne Frank.
- Welcome to Deadhouse eftir R.L. Stine.
- Wonder (les- og vinnubók).

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Danska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í erlendum tungumálum á 1. - 3. stigi í sex þætti; Hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun og Menningarlæsi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.

FRÁSAGNIR OG KYNNINGAR skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu	FJÖL- OG MYNDMIÐLAR fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu	GREINING UPPLÝSINGA hlustað eftir aðalatriðum, greint þau og nýtt sér í námi sínu.	GREINING AÐALATRÍÐA fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu,
RAUNTEXTAR skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra,	BÓKMENNTIR lesið sér til gagns og ánægju einfaldar smásögur og skáldsögur og unnið með efni þeirra,.	AÐRAR NÁMSGREINAR lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum,	ORÐAFORÐI lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða
ÓFORMLEGT SAMTAL tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf	ALMENN SAMSKIPTI bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteis- og samskiptavenjur,	SAMRÆÐUR notað málið til samskipta í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal	TJÁNING tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
FRÁSÖGN OG KYNNING undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum	FLUTNINGUR flutt tilbúið eða frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra	FRAMSÖGN beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.	SAMFELLDUR TEXTI skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga,.
MÁLNOTKUN beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta,	ENDURSÖGN skrifað einfalda texta um það sem hann hefur lesið, séð eða heyrt,	PERSÓNULEG REYNSLA lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með,	SKAPANDI RITUN samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
SAMFÉLAG sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf,	FJÖLBREYTILEIKI sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum,.	SKYLDLEIKI OG AFBRIGÐI TUNGUMÁLA sýnt að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni, tónlist og fréttæfni auk danskra námsleikja og gagnvirkar vefsíður.

Dæmi um kennslubækur og námsgögn:

- Bordbombe ásamt hlustunar- og málfræðiafngum.

- Danskir þættir ásamt efni af veraldarvefnum
- Dejlige Danmark (les og vinnubók).
- Smil, les- og vinnubók.
- Tak (les- og vinnubók A og B) og hlustunaræfingar.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögnum og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Hönnun og smíði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í hönnun og smíði fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

VERKFÆRI þekkt helstu verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaeftna og útskýrt rétta notkun þeirra og virkni.	EFNISVAL þekkt flest smíðaeftni sem notuð eru og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra.	SMÍÐAÐFERÐIR þekkt flestar smíðaðferðir, framkvæmt þær algengustu og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra.	VINNUVERND beitt viðeigandi vinnustellingum, notað réttan hlífðarbúnað, fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
VINNUTEIKNING útskýrt hugmyndir sínar frihendis- og með grunnteikningu.	VINNUFERLI unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnislista og reiknað kostnað.	ORKA OG TÆKNI hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir.	TÆKNILÆSI sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu, gert grein fyrir iðngreinum og mikilvægi þeirra í samfélaginu.
SAMFÉLAG gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina.	HUGBÚNAÐUR nýtt hugbúnað við stafræna hönnun á vöru.	STAFRÆN SMÍÐI umbreytt stafrænni hönnun í fullunninn hlut með aðstoð tölvustýrðra tækja eða smíðavéla.	ÖRTÖLVUR nýtt sér örtölvur til að stýra aðgerðum.

UMHVERFISVITUND greint vistvæn efni frá óvistvænum og haft sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisvali.	ENDURNÝTING gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásarhagkerfis.	MENNING greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir.
---	---	--

Kennsluefni og gögn

Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt smíðaeefni. Verkefnin fela í sér að nemendur kynnast mismunandi verkfærum og smíðaaðferðum.

- Efnið sem nemendur nota eru að mestu leyti krossviður, MDF og fura.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur læra að hanna og skipuleggja vinnuferli. Þeir vinna út frá eigin hugmyndum og teikningum og velja yfirborðsmeðferð sem hentar verkefninu í samstarfi við kennarann.
- Nemendur læra að nota viðeigandi verkfæri sem henta fyrir hvert verkefni.
- Nemendur endurnýta og flokka allt sem á að henda í smíðastofunni.
- Farið er yfir þær slysaðættir sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.


Heimilisfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í heimilisfræði fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Verklag, Lífshættir og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

MATREIÐSLA skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir samkvæmt ráðleggingum um mataræði frá embætti landlæknis.	VINNUBRÖGÐ beitt helstu matreiðslu-aðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld og borið ábyrgð á viðeigandi frágangi.	VINNUVERND greint frá viðbrögðum við slysum við eldhússtörf.	LÍFSHÆTTIR tamið sér heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn og tengsl þeirra við heilsufar.
---	--	--	---



Kennsluefni og gögn

Nýtt eru ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Dæmi um kennslubækur:

- Unglingastigs uppskriftir frá mms, og efni frá kennara

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Nemendur matreiða, baka, framreiða, þrifa og ganga frá.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við bakstur og matreiðslu.

Sjónlistir

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í sjónlistum fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Sköpun, Greining og úrvinnsla og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

AÐFERÐIR OG EFNÍ valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni.	ÚTFÆRSLA OG TÆKNI greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun.	VINNUFERLI sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.	HUGMYNDAVINNA skrasett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafl og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.
TJÁNING tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.	UMFJÖLLUN OG ENDURGJÖF gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.	GREINING OG SAMHENGÍ greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu.	HUGTÖK notað orðaforða og hugtök frumpátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.
AÐFERÐIR OG NÁLGUN greint hvernig samtímalist fæst við álitamálefni daglegs lífs með fjölbreyttum nálgunum sem oft fela í sér samþættingu listgreina.	TILGANGUR OG SAMHENGÍ gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar og sett hann í fjölbreytt samhengi.	STEFNUR OG STRAUMAR þekkt og gert grein fyrir greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.	

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í myndmennt. Náms efni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum og efnum sem notuð eru við myndsköpun.

Textílmennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í textílmennt fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

ÁHÖLD beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílaferð.	EFNISVAL unnið úr fjölbreyttum textílefnum.	ÚTFÆRSLA unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.	VINNUVERND beitt viðeigandi vinnustellingum og verið meðvitaður um líkamsstöðu sína, þekki hugmyndir og reglur vinnuverndar.
HUGMYNDAVINNA beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.	SKÖPUN OG SKREYTING skreytt textílaferð á skapandi og persónulegan hátt.	HUGTÖK lagt mat á eigin vinnubrögð og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.	MIÐLAR notað margvíslega miðla til að afla upplýsinga fyrir hugmyndir að verkefnum sem tengjast textíl, hönnun og útfærslu á þeim.
TÆKNI nýtt hugbúnað og tölvustýrð tæki við hönnun og vinnslu eigin verka í textílvinnu.	EFNISFRÆÐI þekkt mun á eiginleikum náttúruafna og gerviefna út frá áferð og kolefnisspori.	MERKINGAR þekkt mun á helstu táknum og merkingum textílefna og nýtt sér í daglegu lífi.	ENDURNÝTING nýtt endurunnin efni í textílvinnu, gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd og hringrásarhagkerfið.
MENNING greint og fjallað um textílvinnu og -verk í samhengi við sögu, samfélag og listir.			

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í textílmennt. Námsefni er mismunandi eftir verkefnum og nýtt eru margs konar textílefni. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við sköpun textílverka.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt efni.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við fjölbreytta textílvinnu.

Skólaíþróttir og sund

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í skólaíþróttum fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Líkamsvitund, færni og afkastageta, Félagslegir þættir, Heilsa og heilsuefning, Öryggi og hreinlæti og Sund. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

ÞOL gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum.	STYRKUR sýnt og framkvæmt styrktaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.	LIÐLEIKI gert liðleikaæfingar sem reyna á hreyfividd og hreyfigetu.	SAMHÆFING sýnt útfærslu flókinna hreyfinga þannig að þær renni vel saman.
TAKTUR gert rytmískar æfingar og fylgt takti.	HÓPIÞRÓTTIR tekið þátt í hópíþróttum.	EINSTAKLINGSÍÞRÓTTIR tekið þátt í einstaklingsíþróttum og heilsurækt.	STÖÐLUÐ PRÓF nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.
TILFINNINGAR skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann.	VIRKNI skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsga í tengslum við góðan árangur.	LEIKREGLUR þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum.	HÁTTVÍSI farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.
MARKMIÐASETNING, ÍÞRÓTTIR unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma-markmið í íþróttum.	MARKMIÐASETNING, HEILSURÆKT unnið með og sett sér skammtíma- og langtíma-markmið í heilsurækt og metið árangur.	MARKMIÐASETNING HREYFIFÆRNI nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að móta eigin þjálfunaráætlun.	LÍFFRÆÐIÞEKKING vitað hvaða hlutverk helstu vöðvahópar hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
ÚTIVISTARBÚNAÐUR valið og nýtt sér viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist.	ÚTIVIST skipulagt, tekið þátt og fylgt áætlun um útivist í mismunandi aðstæðum og varast hættur sem fylgt geta.	HEILSUEFLING sýnt og skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á líkamlegu og andlegu heilbrigði og líkamlegu ásigkomulagi.	HEILSURÆKT sótt og nýtt sér upplýsingar um alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
MÆLINGAR notað mælingar til að leggja mat á eigin afkastagetu með tilliti til þreks, hreysti, lipurðar og samhæfingar.	VIRKNI tekið þátt í leikjum af margvíslegu tagi.	ÖRYGGISREGLUR tekið ákvarðanir á grundvelli öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óvæntum aðstæðum.	SKYNDIHLJÁL framkvæmt og útskýrt helstu atriði skyndihjálpar, endurlífgunar og björgunar.
HREINLÆTI fundið til eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.	FJÖLBREYTTAR SUNDAÐFERÐIR sýnt leikni í vatni og beitt fjölbreyttum sundaðferðum.	HEILSUEFLING tekið þátt í fjölbreyttum leiðum til að efla eigin heilsu í vatni.	ÞOLSUND gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 600 metra sundi.

SPRETTUND gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í 25 metra sprettsundi.	BRINGUSUND sýnt leikni og synt 50 metra bringusund viðstöðulaust.	BAKSUND sýnt leikni og synt 50 metra baksund viðstöðulaust.	SKRIDSUND sýnt leikni og synt 50 metra skriðsund viðstöðulaust.
KAFSUND sýnt leikni og synt 15 metra kafsund viðstöðulaust.	BJÖRGUNARSUND synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 25 metra.	BJÖRGUN framkvæmt björgun úr vatni og notast við björgunaráhöld.	ÞOL Í VATNI troðið marvaða í eina mínútu.

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með íþrótta- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur fá fræðslu um og tækifæri til markvissrar heilsuræktar og heilsuefningar
- Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi markvissrar heilsuræktar og heilsuefningar fyrir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.
- Nemendur fá innsýn, fræðslu og þjálfun í fjölbreyttum íþróttagreinum.
- Áhersla er lögð á að skapa nemendum aðstæður til að þróa með sér seiglu og þrautseigju.


Upplýsinga- og tæknimennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í upplýsinga- og tæknimennt fyrir 8. - 10. bekk í þrjá þætti; Upplýsinga- og miðlalæsi, Sköpun og miðlun, Stafræn borgaravitund og Lausnaleit. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.


Hæfniviðmið

Hæf Hæfniviðmið sem kennd eru í 8.-10.bekk.

UPPLÝSINGALEIT nýtt leitarvélar, gagna-banka, gervigreind og önnur verkfæri á fjölbreyttan og siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar og skilji hvað liggur til grundvallar	GREINING OG ÚRVINNSLA GAGNA greint, borið saman og metið á gagnrýnninn hátt trúverðugleika og áreiðanleika gagna, upplýsinga og stafræns efnis,	HEIMILDANOTKUN unnið með fjölbreyttar heimildir og metið áreiðanleika þeirra, virt höfundarétt og almennt siðferði í heimildavinnu og sett fram heimildaskrá samkvæmt viðurkenndum aðferðum	JAFNVÆGI Í STAFRÆNNI NOTKUN OG VELLÍÐAN nýtt stafræna tækni til að auka vellíðan og bæta heilsu, fundið jafnvægi í notkun sinni og þekkt margvísleg einkenni og afleiðingar ofnotkunar tölvu og snjalltækja og útskýrt áhrif samfélagsmiðla á líf sitt,
--	--	--	--



Hæfniviðmið sem kennd eru í 9.bekk.



Kennsluefni og gögn

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast og nota þann tæknibúnað sem skólinn býr að.

Dæmi um námsgögn:

- Nemendur nýta tölvur og spjaldtölvur.
- Nemendur vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft edge, svo og teikni- og myndaforrit ýmiskonar.
- Nemendur nýta skólabókasafn.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og kynna á ýmsan hátt með hjálp upplýsingatækni.
- Forrit og öpp í upplýsinga- og tæknimennt eru notuð til að þjálfra upplýsingaleit, læsi og miðlun og virkja stafræna borgaravitund.